

REGLUR

varðandi útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli með viðmiðunardagsetningar frá 30. september 2020 til 29. september 2021.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um starfsemi innlendra váttryggingafélaga og starfsemi erlendra váttryggingafélaga hér á landi, sbr. 2. og 3. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi.

2. gr.

Upplýsingar um áhættulausan vaxtaferil fyrir viðeigandi gjaldmiðla.

Samkvæmt 1. mgr. 76. gr. laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi, skal váttryggingaskuld vera samtala besta mats á skuldbindingum og áhættuálagi. Reglur þessar eru settar til að innleiða framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) þar sem fram koma tæknilegar upplýsingar um áhættulausan vaxtaferil fyrir viðeigandi gjaldmiðla samkvæmt 2. mgr. 76. gr. laga nr. 100/2016.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1647 frá 9. nóvember 2020 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 30. september 2020 til 30. desember 2020 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2021 frá 5. febrúar 2021.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/178 frá 8. febrúar 2021 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna gagnaskila með viðmiðunardagsetningar frá 31. desember 2020 til 30. mars 2021 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2021 frá 23. apríl 2021.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/744 frá 6. maí 2021 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna skýrslugjafar með viðmiðunardagsetningar frá 31. mars 2021 til 29. júní 2021 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2021 frá 11. júní 2021.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1354 frá 6. ágúst 2021 um tæknilegar upplýsingar fyrir útreikning á váttryggingaskuld og kjarnagjaldþoli vegna skýrslugjafar með viðmiðunardagsetningar frá 30. júní 2021 til 29. september 2021 í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 244/2021 frá 24. september 2021.

Með vísan til heimildar 1. mgr. 78. gr. laga nr. 100/2016 vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. OJ, deild L, nr. 375, þann 10. nóvember 2020, bls. 1-91;
2. OJ, deild L, nr. 53, þann 16. febrúar 2021, bls. 6-96;
3. OJ, deild L, nr. 160, þann 7. maí 2021, bls. 3-88;
4. OJ, deild L, nr. 291, þann 13. ágúst 2021, bls. 24-119.

4. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 1. mgr. 78. gr. laga nr. 100/2016, um váttrygginga-
starfsemi, öðlast þegar gildi.

Seðlabanka Íslands, 10. desember 2021.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Rannveig Jónúsdóttir
framkvæmdastjóri.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2021